
2007 nr. 112 21. júní
Lög um lagagildi viðaukasamnings milli
ríkisstjórnar Íslands og Alcan Holdings
Switzerland Ltd. um álbræðslu við
Straumsvík

Tóku gildi 3. júlí 2007.

■ **1. gr.**

□ Með lögum þessum staðfestist samningur milli ríkisstjórnar Íslands og Alcan Holdings Switzerland Ltd. (sem hefur yfirtekið réttindi og skyldur Alusuisse-Lonza Holding Ltd. að lögum), dags. 5. mars 2007, um viðauka við aðal-

samning milli sömu aðila, dags. 28. mars 1966 (áður breyttan með viðaukum dags. 28. október 1969, 10. desember 1975, 5. nóvember 1984, 11. nóvember 1985 og 16. nóvember 1995), um byggingu og rekstur álbræðslu við Straumsvík, í lögsagnarumdæmi Hafnarfjarðar. Samningurinn er prentaður sem fylgiskjal með lögum þessum, á íslensku og ensku.¹⁾

¹⁾ Um samningstextann vísast í Sjtið. A 2007.

■ **2. gr.**

□ Ákvæði viðaukasamnings þess sem um ræðir í 1. gr. skulu hafa lagagildi hér á landi.

■ **3. gr.**

□ Lög þessi öðlast þegar gildi.